

# Vallaskóli

Sjálfsmatsskýrsla 2018 – 2019



## Efnisyfirlit

---

Inngangur .....	3
Lýsing á Vallaskóla .....	4
Sjálfsmatsáætlun Vallaskóla.....	5
Niðurstöður sjálfsmats skólaárið 2018 - 2019 .....	6
Skólapúlsinn .....	6
Starfsmannakönnun Skólapúlsins.....	6
Nánari umfjöllun .....	9
Nemendakönnun.....	30
Líðan nemenda/einelti – Olweus .....	49
Lesferill .....	54
Samræmd próf.....	57
Starfsmannasamtöl .....	60
Samantekt og umræður.....	61
Sterkir þættir.....	61
Til skoðunar.....	62
Þarfnast úrbótar .....	62
Umbótaáætlun skólaárið 2018–2019.....	64

## Inngangur

---

Innra mat í grunnskóla hefur það að markmiði að kanna það sem vel er gert í skólastarfinu og skoða hvort sú þjónusta sem skólinn veitir sé í samræmi við skólanámskrá, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, kafla VIII 35. og 36. grein, er kveðið á um að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólastarfsins. Þetta þarf að gera með kerfisbundnum hætti og þeir sem koma að matinu með einum eða öðrum hætti eru starfsmenn skólans, foreldrar og nemendur.

Niðurstöður matsins á að nýta til að bæta skólastarfið og gerð er umbótaáætlun út frá þeim. Mikilvægt er að áætlunin sé raunhæf og að henni sé fylgt vel eftir. Að vori er unnin skýrsla sem skilað er til fræðslunefndar sveitarfélagsins að undangenginni umfjöllun skólaráðs.

## Lýsing á Vallaskóla

---

Skólaárið 2018–2019 voru tæplega 630 nemendur í Vallaskóla í 1.–10. bekk. Á yngsta stigi eru nemendur í 1.–4. bekk, á miðstigi eru nemendur í 5.–7. bekk og á elsta stigi eru nemendur í 8.–10. bekkur. Skólaárið skiptist í tvær annir, haust- og vorönn og skóladagar eru 180.

Einkunnarorð skólans eru **virðing – þekking – lífsgleði**.

### Starfsfólk

Umsjónarkennarar skólaárið 2018-2019 voru 29 og heildarfjöldi starfsmannahópsins um 95 talsins. Þrír deildarstjórar voru starfandi á öllum stigum skólans, á yngsta stigi, mið- og unglíngastigi, auk deildarstjóra stoðþjónustu og forstöðumanns frístundarheimilisins Bifrastar. Yfirstjórn hafa skólastjóri og aðstoðarskólastjóri.

Í öllu skólastarfi leitast starfsfólk við að hafa sem best samstarf sín á milli auk þess sem samstarf við nemendur og foreldra er einnig mikilvægt.

### Olweus

Vallaskóli er Olweusarskóli og er mikil áhersla lögð á að allir sýni góða hegðun og komi vel fram við hvert annað. Markvisst er tekið á málum ef árekstrar verða á milli nemenda og áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun og fyrirbyggjandi aðgerðir með reglulegum bekkjarfundum í anda Olweusar.

### Sjálfsmatsskýrsla

Vallaskóli gefur út sjálfsmatsskýrslu einu sinni á ári sem er aðgengileg á heimasíðu skólans <http://vallaskoli.is>. Sjálfsmatsskýrslurnar byggja á viðhorfskönnunum sem gerðar eru á meðal starfsfólks skólans, nemenda og foreldra. Einnig byggjast þær á niðurstöðum námsmats.

### Samstarfsstofnanir

Frístundarheimili er starfrækt í skólanum fyrir nemendur í 1.–4. bekk og kennarar frá Tónlistaskóla Árnesinga koma í skólann og sinna tónlistarkennslu fyrir nemendur sem skráðir eru í tónlistarnám. Skólalóðin er stór með fótboltavelli, körfuboltavelli og sæmilegum leiktækjum. Skólahúsnæði er aðeins komið til ára sinna en mikið viðhald og endurbætur fóru fram skólaárið 2017-2018 og eru framundan næsta vetur.

## Sjálfsmatsáætlun Vallaskóla

Hér að neðan er áætlun um gagnasöfnunaraðferðir í innra mati skólans til ársins 2023.

*Rafræn nemendakönnun Skólapúlsins* er lögð fyrir í 6.-10. bekk á hverju ári en sú könnun snýr að líðan nemenda í skólanum, ásamt rafrænni *Olweusarkönnun gegn einelti* sem lögð er fyrir í 5.-10. bekk á hverju ári. *Samræmd könnunarpróf* eru á hverju ári í 4. 7. og 9. bekk ásamt *Lesferli* sem er lagður fyrir í öllum árgöngum skólans. *Rafræn starfsmannakönnun og foreldrakönnun Skólapúlsins* eru síðan lagðar fyrir annað hvert ár til skiptis.

	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022 - 2023
<b>HAUSTÖNN</b>	Skólapúls – nemendur í 6.-10. bekk	Skólapúls – nemendur í 6.-10. bekk	Skólapúls – nemendur í 6.-10. bekk	Skólapúls – nemendur í 6.-10. bekk
	Olweusarkönnun 5.-10. bekkur	Olweusarkönnun 5.-10. bekkur	Olweusarkönnun 5.-10. bekkur	Olweusarkönnun 5.-10. bekkur
	Samræmd könnunarpróf 4. og 7. bekkur	Samræmd könnunarpróf 4. og 7. bekkur	Samræmd könnunarpróf 4. og 7. bekkur	Samræmd könnunarpróf 4. og 7. bekkur
	Lesferill í september	Lesferill í september	Lesferill í september	Lesferill í september
<b>VORÖNN</b>				
	<b>Skólapúls - foreldrar</b>	<b>Skólapúls - starfsmenn</b>	<b>Skólapúls - foreldrar</b>	<b>Skólapúls - starfsmenn</b>
	Skólapúls – nemendur í 6.-10. bekk	Skólapúls – nemendur í 6.-10. bekk	Skólapúls – nemendur í 6.-10. bekk	Skólapúls – nemendur í 6.-10. bekk
	Skólapúls – könnun á yngsta stigi	Skólapúls – könnun á yngsta stigi	Skólapúls – könnun á yngsta stigi	Skólapúls – könnun á yngsta stigi
	Stöðumat (smiðjur á unglingsstigi), kennarar, nemendur og foreldrar	Stöðumat (smiðjur á unglingsstigi), kennarar, nemendur og foreldrar		
			Stutt rafræn könnun vegna umbótaáætlunar, starfsmenn	Stutt rafræn könnun vegna umbótaáætlunar, starfsmenn
	Samræmd könnunarpróf 9. bekkur	Samræmd könnunarpróf 9. bekkur	Samræmd könnunarpróf 9. bekkur	Samræmd könnunarpróf 9. bekkur
	Lesferill í janúar og maí	Lesferill í janúar og maí	Lesferill í janúar og maí	Lesferill í janúar og maí

## Niðurstöður sjálfsmats skólaárið 2018 - 2019

---

### Skólapúlsinn

#### Starfsmannakönnun Skólapúlsins

Vefslóð var send til starfsmanna í tölvupósti og þeir beðnir um að opna slóðina og svara spurningakönnun. Svarhlutfallið var 71,6%.

### Niðurstöður

Niðurstöður má sjá hér að neðan en benda skal á að undir hverjum matsþætti er að öllu jöfnu ein spurning lögð til grundvallar:

- Allir starfsmenn
  - Almennt
  - Viðhorf til skólans
- Kennarar
  - Kennarastarfið
  - Starfsumhverfi kennara
  - Mat og endurgjöf
  - Símenntun kennara
  - Opin svör

Matsþættir könnunarinnar eru alls 41. Mælikvarði er normaldreifður frá 1 til 9 með meðaltalið 5 og staðalfrávikinu 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

**Grænir reitir** í töflunni hér að neðan sýna þætti þar sem staðan er ágæt miðað við landsmeðaltal. **Gulir reitir** sýna þætti þar sem skólinn er eilítið undir landsmeðaltali og þarfnast skoðunar. **Rauðar tölur** með stjörnu merkja að svör þátttakenda í rannsókninni víkja tölfraðilega marktækt frá svörum viðmiðunarhóps.. Þá þætti þarf að skoða og skýra með markvissum hætti, jafnvel þarf að bæta úr þeirri stöðu sem uppi er. Þá má leiða líkur að því að munurinn sem fram kemur í rauðu reitunum sé til staðar í þýðinu (starfsmannahópnum). Litakerfið og framsetning töflumynda er hugmynd umsjónarmanna sjálfsmatsins í skólanum, nema að annað sé tekið fram.

<b>Allir starfsmenn – Almennt</b>			
<i>Matsþættir</i>	<i>Niðurstaða skólans</i>	<i>Landið</i>	<i>Mismunur</i>
Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	56,2%	74,8%	-18,5%*
Gagnsemi starfsmannaviðtals	58,5%	87,3%	-28,8%*
Tíðni áreitni meðal starfsfólks	14,8%	17,1%	-2,3%
Tíðni eineltis meðal starfsfólks	12,3%	9,7%	2,6%
<b>Allir starfsmenn – Viðhorf til skólans</b>			
Starfsánægja í skólanum	4,7	5,2	-0,5*
Starfsandi innan skólans	4,1	5,0	-0,9*
Stjórnun skólans	4,2	5,0	-0,8*
Upplýsingastreymi innan skólans	3,3	4,6	-1,3*
Starfsumhverfi í skólanum	4,7	5,0	-0,3
<b>Kennarar - Kennarastarfið</b>			
Ánægja með kennarastarfið	4,6	5,0	-0,4
Trú kennara skólans á eigin getu	4,1	4,7	-0,6*
Upplýsingamiðlun til foreldra	5,0	5,0	0
Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	31 mín.	39,2 mín.	-8,2 mín.*
Undirbúningur kennslu í skólanum	80,4%	73,5%	6,9%
Öllum bekknum kennt í einu	60,6%	45,5%	14,5%*
Hópavinna í bekk	46,0%	31,7%	14,3%*
Einstaklingsvinna í bekk	40,0%	35,1%	4,9%
Einstaklingsmiðuð kennsla	68,0%	54,4%	13,6%*
Áhersla kennara á námsmat með prófum	12,2%	16,2%	-4,0%
Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	86,0%	78,7%	7,3%

<b>Kennarar – starfsumhverfi kennara</b>			
Stuðningur við kennara v. nem. m. námserfiðleika	4,8	5,1	-0,3
Stuðningur við kennara v. hegðunarörðuleika nem.	4,6	5,3	-0,7*
Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	4,0	5,1	-0,3

Samráð um kennslu	5,7	5,0	0,6*
Samvinna um kennslu	5,7	5,0	0,6*
Valldreifing við ákvarðanatöku	4,1	4,9	-0,8*
Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	4,6	4,7	-0,1
Vinnuaðstæður kennara	4,3	5,1	-0,8*
<b>Kennarar – Mat og endurgjöf</b>			
Umfang mats og endurgjafar	51,0%	66,6%	-15,6*%
Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum	37,5%	53,1%	-15,6*%
Sanngirni mats og endurgjafar	93,1%	94,0%	-0,9%
Gagnsemi mats og endurgjafar	92,3%	88,8%	3,5%
Nýting á niðurstöðum kennaramats	3,4	4,3	-0,9
<b>Kennarar – Símenntun kennara</b>			
Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	37,8%	43,7%	-5,9%
Símenntunarþörf kennara	5,7	5,4	0,3
Símenntunarþörf kennara (annað)	-	-	-
Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun	57,4%	54,7%	2,7%
Hindranir í símenntun kennara	-	-	-
Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni	-	-	-
<b>Opin svör</b>			
Lýstu því hvað þér finnst sérlega gott við skólann	-	-	-
Lýstu því hvað þér finnst að megi betur fara í skólanum	-	-	-

### Grænir reitir

Samkvæmt niðurstöðunum eru þættir sem teljast vera í ágætu lagi eftirtaldir:

- Hópvinna í bekk
- Einstaklingsmiðuð kennsla
- Samráð um kennslu
- Samvinna um kennslu

### Gulir reitir

Samkvæmt niðurstöðunum eru þættir sem þarfnast skoðunar eftirtaldir (gulir reitir)

- Tíðni áreitni meðal fólks
- Tíðni eineltis meðal starfsfólks



- Ánægja með kennarastarfið
- Áhersla kennara á námsmat með prófum
- Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika
- Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara
- Nýting á niðurstöðum kennaramats
- Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár


### Rauðir reitir

Samkvæmt niðurstöðunum eru þeir þættir sem víkjamarktækt neikvætt frá landsmeðaltali eftirtaldir (rauðir reitir):

- Starfsmannaviðtöl undanfarið ár
- Gagnsemi starfsmannaviðtals
- Starfsánægja í skólanum
- Starfsandi innan skólans
- Stjórnun skólans
- Upplýsingastreymi innan skólans
- Trú kennararns á eigin getu
- Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku
- Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda
- Valdefling við ákvarðanatöku
- Vinnuaðstæður kennara
- Umfang mats og endurgjafar
- Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum


### Nánari umfjöllun

Ef við byrjum að fjalla um þá þætti sem eru í ágætu lagi ber fyrst að nefna **hópvinnu í bekk**. Hér er birt hlutfall kennara sem raða í hópa í kennslustundum næstum alltaf eða alltaf, ýmist eftir getu eða blandaða getu í hverjum hópi. Kennarar sem gera hvoru tveggja eru aðeins taldir einu sinni.




Mynd 1. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Eins og sést á mynd 1 þá er Vallaskóli vel yfir landsmeðaltali.. Þróunin hefur stefnt upp á við síðan árið 2017 en töluverð dýfa átti sér stað milli árunna 2015-2017. Þá má sjá á mynd 2 að hópvanna í bekk er yfir landsmeðaltali á öllum stigum skólans.




Mynd 2. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

**Einstaklingsmiðuð kennsla.** Hér er birt hlutfall kennara sem nota einstaklingsmiðaða kennslu alltaf eða næstum alltaf. Á mynd 3 sést að hlutfall kennara sem nota einstaklingsmiðaða kennslu hefur líka aukist milli árunna 2015 og 2019.




Mynd 3. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Á mynd 4 sést að einstaklingsmiðuð kennsla er í minnst á miðstigi (56,2%) en álíka á yngsta stigi (75,0%) og elsta stigi (68,8%).




Mynd 4. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

**Samráð um kennslu** er metið með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um samræður við aðra kennara um val á kennslugögnum, samnýtingu kennsluefnis, teymisfundi, matsaðferðir og námsframvindu nemenda.



Mynd 5. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019


Mynd 5 sýnir að Vallaskóli er yfir landsmeðaltali þegar litið er til samráðs um kennslu.. Reyndar hefur skólinn verið yfir landsmeðaltali frá árinu 2013 og virðist samráðið hafa farið upp á við milli árunna 2017 til 2019 að mati kennara.



Mynd 6. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019


Ef við skoðum niðurstöður miðað við árganga (mynd 6) þá sjáum við að samráðið virðist vera mest á yngsta stigi (6,4) en minnst á miðstiginu (5,1).

**Samvinna um kennslu** er metin með því að spyrja kennara þriggja spurninga um tengingu námsgreina, samstarf milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra kennara.




Mynd 7. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Miðað við mynd 7 þá hefur samvinna um kennslu aukist í Vallaskóla frá árinu 2017 að mati kennara og árið 2019 mælist skólinn vel yfir landsmeðaltali (5,1). Á mynd 8 sést að samvinna um kennslu mælist mest hjá unglिंगastigi (6,6) en minnst á miðstigi að mati kennara (5,0).




Mynd 8. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Ef skoðaðir eru þættir sem mögulega þarf að bregðast við með sérstökum úrræðum (rauðir reitir) þá er fyrst að nefna starfsmannaviðtöl og hvort starfsmenn **hafi farið í starfsmannaviðtal eða starfsþróunarviðtal** á síðustu 12 mánuðum. Vallaskóli liggur undir landsmeðaltali eða -18,5%, sem er tölfræðilega marktækur munur á hópum.




Mynd 9. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Eins og sjá má á mynd 9 þá hefur Vallaskóli tekið dýfu síðan árið 2014 varðandi þennan þátt. Mynd 10 sýnir fjölda starfsfólks sem hafa fengið viðtöl eftir því á hvaða stigum þeir starfa. Þar virðast kennarar á miðstigi vera fæstir (50%).en á unglingastigi eru þeir flestir (75%). Landsmeðaltalið er 74,8% en meðaltalið í Vallaskóla er 56,2%.




Mynd 10. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019




Mynd 11. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Þegar **gagnsemi starfsmannaviðtala** er skoðuð kemur í ljós að þar hefur einnig átt sér stað dýfa því Vallaskóli erlangt fyrir neðan landsmeðaltal eins og sjá má á mynd 12.




Mynd 12. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019



Mynd 13. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019


Samkvæmt mynd 13 virðast kennarar á miðstigi telja gagnsemi starfsmannaviðtalanna vera minnsta(57,1%) en á yngsta og elsta stigi eru það 70% kennara sem telja þau gagnleg. Öll stigin eru þó vel undir landsmeðaltali eins og sjá má á sömu mynd.



Mynd 14. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019


Starfsmenn eru spurðir um **starfsánægju í skólanum** (mynd 15). Landsmeðaltalið er 5,2% en Vallaskóli er undir því með niðurstöðuna 4,7%. Hér er marktækur munur upp á -0,5 stig.






Mynd 15. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

**Starfsánægja starfsfólks** hefur farið niður á við síðan 2017 og munar þar um annað starfsfólk (mynd 17). Starfsánægja mælist mest á yngsta stigi mest eins og sést á mynd 16.




Mynd 16. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019




Mynd 17. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

**Starfsandi innan skólans** er metinn með því að spyrja starfsfólk fimm spurninga um starfsanda, samvinnu, jafnræði, ímynd og móttöku nýliða. Svipaða sögu er hægt að segja um starfsandann (mynd 18) og starfsánægjuna (mynd 15) en báðir þessir þættir víkja marktækt frá niðurstöðum á landsvísu.




Mynd 18. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Samkvæmt niðurstöðum þá er starfsandinn á yngsta stigi góður, meira að segja aðeins yfir landsmeðaltali, á meðan starfsandinn á miðstigi (3,2) og elsta stigi (3,6) er fyrir neðan landsmeðaltal, sem er tölfræðilega marktækur munur (mynd 19).




Mynd 19. Skólaláttinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Þegar svör annars starfsfólks eru tekin með svörum kennara (mynd 20) kemur í ljós að starfsandinn er mjög svipaður hjá þessum hópum. Báðir eru fyrir neðan landsmeðaltal og mælist sá munur tölfræðilega marktækur.




Mynd 20. Skólaláttinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

**Gæði stjórnunar skólans** er metið með því að spyrja starfsfólk sex spurninga um yfirmenn þ.e. hrós, hvatning, traust, samskipti, ágreiningsmál og stjórnun almennt. Eins og sést á mynd 21 þá hefur ánægja starfsfólks með stjórnun skólans farið niður á við síðan árið 2015. Munurinn er tölfræðilega marktækur á milli Vallaskóla og landsins.




Mynd 21. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Þegar ánægja með stjórnunina er skoðuð út frá stigum skólans kemur í ljós að á yngsta stigi eru kennarar ánægðastir en miðstigið mælist lægst. Sá munur er tölfræðilega marktækur (mynd 22).




Mynd 22. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Þegar heildin er skoðuð (mynd 23) mælist ánægja kennara með stjórnun skólans aðeins undir landsmeðaltali varðandi stjórnun en annað starfsfólk mælist lægra. Sá munur er tölfræðilega marktækur.




Mynd 23. Skólaláttinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

**Upplýsingastreymi innan skólans** er metið með því að spyrja starfsfólk fjögurra spurninga um flæði upplýsinga, stefnumótun og þjálfun nýliða. Á mynd 24 sjáum við að Vallaskóli er fyrir neðan landsmeðaltal er varðar upplýsingastreymi innan skólans og vísar sú niðurstaða marktækt frá niðurstöðum á landsvísu.




Mynd 24. Skólaláttinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019



Mynd 25. Skólaláupsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Kennarar á miðstigi telja að upplýsingastreymið í skólanum mætti vera betra og efsta stigið kemur þar fast á eftir. Aftur á móti er ánægjulegt að sjá að yngsta stigið upplifir upplýsingaflæðið mjög gott, niðurstaða sem er yfir landsmeðaltali (mynd 25).




Mynd 26. Skólaláupsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Á mynd 26 sést að annað starfsfólk skólans telur einnig að upplýsingastreymið mætti vera betra og er það álíka og hjá kennurum.


**Trú kennara á eigin getu** er metin með því að spyrja kennara hvort þeim þyki að þeir nái auðveldlega til nemenda, hvort þeir nái góðum árangri með nemendum í bekk eða hóp, hvort

þeir nái árangri með erfiðustu og áhugalausustu nemendurna og hvort þeim þyki að flestir kennarar hafi áhuga á því sem nemendur hafa að segja.



Mynd 27. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019


Á mynd 27 sjáum við að Vallaskóli er fyrir neðan landsmeðaltal varðandi trú kennara á eigin getu og vísar sá niðurstaða marktækt frá niðurstöðum á landsvísu.



Mynd 28. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019


Við sjáum að kennarar á yngsta og miðstigi mælast svipað varðandi trú kennara á eigin getu þátt en ánægjulegt er að sjá að kennarar á efsta stigi mælast yfir landsmeðaltali hér með töluna 4,6. Landsmeðaltal er 4,4.

**Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku.** Hér er birtur meðaltími sem kennarar ætlast til að nemendur verji í heimavinnu á viku.



**Mynd 29. Skólaláupsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019**

Svo virðist sem kennarar í Vallaskóla áætli minni tíma í heimavinnu nemenda á viku en aðrir og mælist þessi þáttur undir landsmeðaltali (mynd 29). Það er tölfræðilega marktækur munur.




**Mynd 30. Skólaláupsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019**

Á mynd 30 mælast öll stig skólans undir landsmeðaltali þegar litið er til þess tíma sem kennari áætla í heimavinnu nemenda á viku.




**Stuðningur við kennara vegna nemenda með hegðunarerfiðleika** er metinn með því að spyrja kennara þriggja spurninga um aðgang kennara að starfsfólki til að aðstoða í og utan kennslustofunnar og aðgang að ráðgjöf sérfræðinga.




Mynd 31. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Vallaskóli mælist fyrir neðan landsmeðaltal í þessum þætti og er munurinn tölfræðilega marktækur. Stuðningur hefur þó aukist á milli árána 2017 til 2019 (mynd 31). Skoðað eftir stigum sést (mynd 32) að að kennarar á yngsta stigi telja sig fá oftar stuðning vegna hegðunarerfiðleika nemenda (5,6) en kennarar á mið- (4,2) og unglíngastigi (3,4) upplifa hvað síst að þeir fái þennan sama stuðning.




Mynd 32. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

**Valdefling við ákvarðanatöku** innan skólans er metin með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um þátttöku starfsfólks í umræðum og ákvörðunum og lýðræðislega dreifingu valds. Hérna mælist Vallaskóli undir landsmeðaltali og er sá munur tölfræðilega marktækur (mynd 33).




Mynd 33. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Eins og sést á mynd 33 þá hallar undan fæti hér frá árinu 2015 og á það fyrst og fremst við miðstigið, sem mælist með 3,0 á meðan landsmeðaltalið er 4,8.




Mynd 34. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

**Vinnuaðstæður kennara** eru metnar með því að spyrja þriggja spurninga um aðstöðuna og aðgengi að búnaði og kennsluefni. Þegar við skoðum mynd 35 sjáum við að kennarar upplifa að vinnuaðstæður hafi lagast frá árinu 2017, mælist 4,3 og nálgast hratt landsmeðaltal sem er 5,1.




Mynd 35. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Eins og sjá má á mynd 36 þá upplifa kennarar á yngsta stigi vinnuaðstæður sínar góðar (4,9 stig) en kennarar á miðstigi mælist þessi þáttur 3,8 stig og 4,1 á unglingsstigi.




Mynd 36. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

**Umfang mats og endurgjafar til kennara** er birt sem hlutfall þeirra kennara sem fá mat og endurgjöf árlega eða oftár frá fleiri en einum af skólastjórnendum skólans. Með matinu er átt við það þegar kennari fær upplýsingar um niðurstöðu slíkrar skoðunar á störfum hans/hennar, hversu formleg eða óformleg sem sú skoðun hefur verið. Oft er það í þeim tilgangi að vekja athygli á góðri frammistöðu eða benda á þætti sem hægt væri að bæta.



Mynd 37. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019


Það má sjá á mynd 37 að kennarar telja mat og endurgjöf á störf þeirra hafi farið minnkandi síðan árið 2015. Eins og staðan er 2019 þá er Vallaskóli fyrir neðan landsmeðaltal. Skólinn mælist í 51,0% á meðan landsmeðaltal er 66,6% og telst það tölfræðilega marktækur munur.



Mynd 38. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019


Kennarar á yngsta stigi telja umfang mats og endurgjafar frá stjórnendum hvað minnsta og mælist hún undir landsmeðaltali en miðstig og elsta stig mælist hér yfir landsmeðaltali (mynd 38).

**Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara.** Hér eru kennarar spurðir hvort mat og endurgjöf stjórnenda í daglegu starfi sé hæfileg, of mikil eða of lítil. Birt er hlutfall kennara sem telja mat og endurgjöf stjórnenda hæfilega. Tölfræðilega marktækur munur er á hópum hér og á mynd 39 sjáum við að þróunin er heldur niður á við milli árunna 2015 til 2017 en staðið nokkurn veginn í stað frá 2017.



Mynd 39. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Athyglisvert er að sjá að á mynd 40 að yngsta stigið er yfir landsmeðaltali varðandi þennan þátt en miðstig og unglingastig ná ekki landsmeðaltali. Er miðstigið verulega undir því eða 14,5%.



Mynd 40. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

### Nemendakönnun

Árleg nemendakönnun Skólapúlsins skólaárið 2018-2019 liggur til grundvallar niðurstöðum í þessum hluta skýrslunnar. Heildarsvarhlutfall er 81,9%. Framkvæmd könnunarinnar var í umsjón deildarstjóra miðstigs og efsta stigs og er hún lögð fyrir með rafrænum hætti í hópi nemenda í 6.-10. bekk, að jafnaði einu sinni í mánuði. Allir nemendur í 6.-10. bekk taka könnunina einhvern tímann á skólaárinu, nema þeir hafi forfallast einhverra hluta vegna.

Meginþættir sem kannaðir eru:

- Virkni nemenda í skólanum
- Líðan og heilsa
- Skóla- og bekkjarandi

Matsþættirnir eru alls 18. Notast er við sama litakerfi og áður sem vísað er í hér að ofan.

Mismunandi spurningar liggja undir hverjum matsþætti eins og áður sagði.

Virknir nemenda í skólanum			
Matsþættir	Niðurstaða skólans	Landið	Mismunur
Ánægja af lestri	4,3	4,7	-0,4*
Þrautseigja í námi	4,3	4,9	-0,6*
Áhugi á stærðfræði	4,8	5,1	-0,3*
Ánægja af náttúrufræði	4,3	4,8	-0,5*
Trú á eigin vinnubrögðum í námi	4,4	4,9	-0,5*

Trú á eigin námsgetu	4,2	4,8	-0,6*
<b>Líðan og heilsa</b>			
<i>Matsþættir</i>	<i>Niðurstaða skólans</i>	<i>Landið</i>	<i>Mismunur</i>
Sjálfsálit	4,7	4,8	0,0
Stjórn á eigin lífi	4,6	4,7	-0,1
Vellíðan	4,7	4,8	-0,1
Einelti	5,2	5,3	-0,1
Tíðni eineltis	11,6%	12,2%	-0,6%
Tíðni hreyfingar – 2 í viku eða oftár	37,6%	44,5%	-6,9%*
Hollt mataræði	4,2	4,8	-0,6*
<b>Skóla – og bekkjarandi</b>			
<i>Matsþættir</i>	<i>Niðurstaða skólans</i>	<i>Landið</i>	<i>Mismunur</i>
Samsömun við nemendahópinn	4,8	4,9	-0,1
Samband nemenda við kennara	4,7	5,0	-0,3*
Agi í tímum	4,7	4,9	-0,2
Virki þátttaka nemenda í tímum	4,6	5,1	-0,5*
Mikilvægi heimavinnu í náminu	4,6	4,8	-0,2

## GRÆNIR REITIR

Samkvæmt nemendaönnun Skólapúlsins þá eru þættir sem teljast vera í ágætu lagi eftirtaldir:

- Sjálfsálit
- Stjórn á eigin lífi
- Vellíðan
- Einelti
- Samsömun við nemendahópinn

Alls eru fimm þættir taldir vera í ágætu lagi eða 28% af heild.

## GULIR REITIR

Þeir þættir sem taldir eru þurfa skoðunar (liggja undir landsmeðaltali) eru eftirtaldir

- Agi í tímum
- Mikilvægi heimavinnu í náminu

## RAUÐIR REITIR

Samkvæmt nemendakönnuninni þá eru þættir sem víkja marktækt neikvætt frá landsmeðaltali eftirtaldir:

- Ánægja af lestri
- Þrautseigja í námi
- Áhugi á stærðfræði
- Ánægja af náttúrufræði
- Trú á eigin vinnubrögðum í námi
- Trú á eigin námsgetu
- Tíðni hreyfingar, tvisvar sinnum í viku eða oftar
- Hollt mataræði
- Samband nemanda við kennara
- Virk þátttaka nemenda í tímum


Alls eru þetta 10 þættir sem þurfa makvissa skoðun með það að markmiði að bæta stöðuna, alls 56% af heild.

Hér á eftir eru grænir og rauðir reitir/þættir skoðaðir betur og við byrjum á því sem er í ágætu standi.

## Einelti í skólanum

Við byrjum á einelti í skólanum. Á mynd 41 má sjá að Vallaskóli er á landsmeðaltali varðandi einelti. Einhverjar sveiflur virðast þó vera yfir innan skólaársins eins og sést á línuritinu.


Rauða línán sýnir vigtað landsmeðaltal og græna línán meðaltal skólans.



Mynd 41. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019




Þegar kynin eru skoðuð þá kemur fram að það eru aðeins fleiri stúlkur sem upplifa að hafa orðið fyrir neikvæðri hegðun og í Vallaskóla fer fjöldi þeirra aðeins yfir landsmeðaltal. Drengirnir eru færri og undir landsmeðaltali. Í heildina eru aðeins færri nemendur í Vallaskóla sem upplifa einelti heldur en nemendur á landinu.



Mynd 42. Skólalapsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019


Ef svör nemenda er skoðuð út frá árgöngum í skólanum þá virðast nemendur í 6. bekk og 9. bekk líklegri að verða fyrir einelti heldur en nemendur í 7. bekk og 8. bekk. Þessir árgangar mælast undir landsmeðaltali (mynd 43).



Mynd 43. Skólalapsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

### Tíðni eineltis - árgangapróun


Þegar lítið er til tíðni eineltis þá liggur Vallaskóli á landsmeðaltali þar. Skólaárið 2017–2018 er skólinn fyrir neðan landsmeðaltal en hækkar sig síðan aðeins á milli ára en fer þó ekki yfir landsmeðaltalið (mynd 44).



Mynd 45. Skólapúlssinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019


Tíðni eineltis sveiflast nokkuð yfir veturinn eins og sést á mynd 45.

### Tíðni eineltis - árgangamunur



Mynd 46. Skólapúlssinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019


Þegar árgangsþróun er skoðuð (mynd 47) sést að nokkur munur er á tíðni eineltis á milli árganga. Athyglisvert er að sjá að að tíðni eineltis hækkar nokkuð í núverandi 10. bekk.



Mynd 47. Skólalámsinn, nemendaakönnun Vallaskóla 2018 – 2019


### Ánægja af lestri

Ánægja af lestri. „Ánægja af lestri” er kvarði sem þróaður var af OECD fyrir PISA 2000. Samkvæmt OECD hafa fyrri rannsóknir sýnt að nemendur sem hafa jákvætt viðhorf til lesturs og nemendur sem lesa mikið eru með betri lesskilning.




Mynd 48. Skólalámsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Vallaskóli mælist með 4,3 í þættinum „Ánægja af lestri” en landsmeðaltalið er 4,7. Á myndinni sjáum við að ánægja af lestri minnkar aðeins á milli ára hjá nemendum..




Mynd 49. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Ánægja af lestri minnkar aðeins í upphafi vetrar (mynd 49) en eykst eftir það og er á svipuðu róli út veturinn. Það er þó umhugsunarvert að í lok skólaársins er ánægja nemenda lægri (4,0) en við upphaf ársins (4,7).




Mynd 50. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Ef ánægja af lestri er skoðuð með kynin í huga þá sést á mynd 50 að stelpurnar í 6. – 10. bekk mælast með meiri ánægju en strákar. Bæði strákar og stelpur mælast undir landsmeðaltali og er munurinn hjá stelpunum tölfræðilega marktækur miðað við landið.



Mynd 51. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Á mynd 51 greinum við hvaða árgangar víkja marktækt frá niðurstöðum fyrir landið en það er 10. bekkur (nemendur fæddir árið 2003). Enginn árgangur í Vallaskóla nær landsmeðaltalinu.




Mynd 52. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Á mynd 52 sjáum við niðurstöður á þróun ánægju af lestri miðað við árganga. Nemendur fæddir árið 2003 sýna minnkandi ánægju af lestri frá því í 7. bekk. Auk þess er áberandi að allir bekkir sýna minnkandi ánægju af lestri á milli ára og veldur það vissum áhyggjum.

### Þrautseigja í námi


Þrautseigja í námi vísar til þess hversu mikið nemendinn leggur sig fram í námi. Hér er spurt um hvort nemendur geri alltaf sitt besta þó svo námið sé erfitt.



Mynd 53. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Mynd 53 sýnir breytingu á meðaltali skólans í samanburði við landið í heild á árunum 2015 – 2019. Þar sést að þrautseigja nemenda minnkar með árunum og færirst frá meðaltali landsins. Þessi þáttur mælist fyrir neðan landsmeðaltal og er sá munur marktækur.


### Þrautseigja í námi - árgangaþróun



Mynd 54. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Þegar við skoðum hvernig meðaltal þrautseigju hjá nemendum þróast á milli ára (mynd 54) sjáum við að þrautseigja minnkar með árunum hjá öllum árgöngum.


## Áhugi á stærðfræði



Mynd 55. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Mynd 55 sýnir hvernig áhugi á stærðfræði hefur þróast á árunum 2015 – 2019. Vallaskóli er yfir landsmeðaltali árið 2015 en ferniður fyrir það árið 2019. Sá munur er marktækur miðað við landið.


## Áhugi á stærðfræði - árgangapróun



Mynd 56. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Áhugi á stærðfræði virðist minnka hjá nemendum á milli ára eins og sést á mynd 56 en þó virðist áhuginn hjá nemendum fæddum 2004 aukast frá 8. – 9. bekk. Er það ánægjuleg þróun.


## Ánægja af náttúrufræði



Mynd 57. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Eins og sést á mynd 57 virðist áhugi nemenda í Vallaskóla á náttúrufræði fara minnkandi á árunum 2016-2019 og mælist undir landsmeðaltali. Munurinn er marktækur miðað við landið síðustu þrjú árin.

## Ánægja af náttúrufræði - árgangaþróun




Mynd 58. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Athygli vekur aðhugi nemenda í Vallaskóla í 6.–10. bekk á náttúrufræði fari minnkandi í öllum árgöngum á milli ára (mynd 58).




## Trú á eigin vinnubrögð í námi



Mynd 59. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Samkvæmt mynd 59 virðast nemendur í 6 – 10. bekk Vallaskóla hafa minni trú á eigin vinnubrögðum í náminu miðað við aðra nemendur skóla sem taka könnun Skólapúlsins. Skólinn mælist fyrir neðan landsmeðaltal og er sá munur marktækur.


## Trú á eigin vinnubrögð í námi - árgangaþróun



Mynd 60. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Ef lítið er til árgangaþróunar varðandi trú nemenda á eigin getu þá minnkar hún hjá öllum árgöngum eftir því sem nemendur verða eldri, nema hjá árgangi 2004 sem tekur gott stökk upp á við á árinu milli 8.–9. bekkjar.


### Trú nemenda á eigin námsgetu - ársmeðaltöl



Mynd 61. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Trú nemenda á eigin námsgetu (mynd 61) er fyrir neðan landsmeðaltal Skólapúlsins skólaárið 2018 – 2019 og er sá munur marktækur. Frá árunum 2015–2018 eru nemendur í 6.–10. bekk í Vallaskóla á landsmeðaltali varðandi þennan þátt, sem lækkar svo milli áranna 2017–2019.


### Trú á eigin námsgetu - árgangamunur



Mynd 62. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Ef við skoðum trú nemenda á eigin námsgetu út frá árgöngum (mynd 62) þá koma nemendur í 8. og 10. bekk einna lægst út úr þessum þætti.

### Trú á eigin getu - árgangaþróun




Mynd 63. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Samkvæmt mynd 65 þá virðist trú nemenda á eigin námsgetu fara minnkandi með árunum í könnun Skólapúlsins hjá öllum nemendum í 6.–10. bekk í Vallaskóla.

## Tíðni hreyfingar

Undanfarin ár hefur verið spurt um viðhorf til hreyfingar en nú er spurt um tíðni hreyfingar innan og utan skólans. Reiknað er hlutfall nemenda sem segjast taka þátt í líkamsþjálfun í skólanum utan leikfimitíma, stundi íþróttir með íþróttafélagi og hreyfi sig þannig að þeir mæðist og svitna utan íþróttæfinga eða skóla tvisvar í viku eða oftar.


Eins og sést á mynd 64 mælist Vallaskóli fyrir neðan landsmeðaltal og er sá munur tölfraðilega marktækur miðað við aðra skóla á landinu sem taka könnun Skólapúlsins. Hér sjáum við líka að breytileiki á milli skóla sem eru með 320 nemendur og fleiri er minni heldur en í fámennari skólunum.



Mynd 64. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

## Tíðni hreyfingar: 2 í viku eða oftar - árgangamunur


Eins og sést á mynd 65 eru nemendur í öllum árgöngum Vallaskóla aðeins fyrir neðan landsmeðaltal varðandi tíðni hreyfingar tvisvar sinnum í viku eða oftar.. Er munurinn mestur í 8. og 9. bekk. Einnig er áberandi að tíðni hreyfingar minnkar hjá nemendum þegar á unglingsstigið er komið.



Mynd 65. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

**Hve oft stundar þú íþróttir (æfir eða keppir) með íþróttafélagi?**


Ánægjulegt er að sjá að þeim nemendum í Vallaskóla sem stunda íþróttir með íþróttafélagi virðist hafa fjölgað þar sem þessi þáttur könnunarinnar kemur betur út en árið 2017 – 2018 (mynd 66).



Mynd 66. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

### Hollt mataræði


Í þættinum „Hollt mataræði” eru nemendur beðnir um að svara því hve oft, á síðustu 7 dögum, þeir borðuðu eða drukku ákveðnar fæðutegundir. Eins og sést á mynd 67 þá mælist Vallaskóli með 4,2 en landið með 4,8. Þettaem er tölfræðilega marktækur munur.



Mynd 67. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

### Hollt mataræði - árgangapróun


Mynd 68 sýnir hvernig útkoma árganga breytist á milli ára og þróunin er því miður niður á við hjá nemendum varðandi neyslu á hollu mataræði.



Mynd 68. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

### Samband nemenda við kennara - ársmeðaltöl

Jákvætt samband nemenda við kennara er einn af mikilvægum þáttum í uppbyggingu á góðum skóla- og bekkjaranda. Í PISA rannsókninni hefur jákvæður skóla- og bekkjarandi verið skilgreindur m.a. út frá þeim stuðningi sem nemendur fá frá kennurum, þeim aga og vinnufrið sem ríkir í tímum og samband nemenda við kennara.




Mynd 69. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Á mynd 69 sjást breytingar á meðaltali skólans milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild í könnun Skólapúlsins. Samband nemenda í 6.–10. bekk Vallaskóla við kennara mælist fyrir neðan landsmeðaltal sem er 5,0 en í Vallaskóla 4,7. Telst þessi munur tölfræðilega marktækur miðað við landið.

### Virk þátttaka nemenda í tímum - ársmeðaltöl


Svipað má segja um virka þátttöku nemenda í tímum en á mynd 72 sést að Vallaskóli (4,6) er nokkuð fyrir neðan landsmeðaltal (5,3) og hefur þessi þáttur lækkað nokkuð frá því árið 2017–2018 þegar hann mældist.

**Virk þátttaka nemenda í tímum - ársmeðaltöl**



**Mynd 70. Skólapúlsinn, starfsmannakönnun Vallaskóla 2018 – 2019**


Á mynd 70 sést virkni nemenda í tímum eftir árgöngum og er það áhugavert að virknin virðist minnka frá 6. bekk, 7. bekk og 8. bekk en hækkar aðeins í 9. og 10. bekk. Mesta virknin mælist hjá nemendum í 6. bekk (4,9) og 9. og 10. bekk (4,8).



**Mynd 71. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019**



## Virk þátttaka nemenda í tímum - árgangaþróun



Mynd 72. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóla 2018 – 2019

Þegar við skoðum útkomu árganga varðandi virka þátttöku nemenda í tímum og hvernig hún hefur breyst á milli ára þá fara 7. og 8. bekkur niður á við á milli ára að 9. bekk undanskildum. Tíundi bekkur lækkar sig heldur en þó ekki eins mikið og 7. og 8. bekkur.


## Líðan nemenda/einelti – Olweus

*Einelti er endurtekið neikvætt atferli eins eða fleiri einstaklinga sem beinist gegn ákveðnum einstaklingi sem á erfitt með að verja sig*

Hin árlega Olweusarkönnun var lögð fyrir á haustönn 2018 fyrir skólaárið 2018-2019 í umsjón verkefnisstjóra Olweusar. Nemendur í 5.-10. bekk tóku þátt og var könnunin tekin á rafrænu formi.

Svarhlutfall var 84,3% (sjá hlutfall eftir árgöngum hér að neðan):


5. bekkur	82,6%
6. bekkur	84,8%
7. bekkur	93,1%
8. bekkur	82,2%
9. bekkur	84,7%
10. bekkur	74,6%



Mynd 73. Hvernig líkar þér að vera í skólanum?


Niðurstöður sýna að meirihluti nemenda *líkar mjög vel* eða *vel* í skólanum eða 77,5% en nemendum sem líður *illa* eða *mjög illa* í skólanum eru 6,6% þar af eru 7,1% stelpur og 6,1% strákar (mynd 73). Um 15,9% nemenda líkar *hvorki vel né illa* í skólanum.

Alls hafa 6,9% nemenda í 5.-10. bekk orðið fyrir einelti tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði eða oftar, alls 23 nemendur (landsmeðaltalið er 6,2%). Þegar 5. bekkur er tekin út úr niðurstöðunum Olweusarkönnunarinnar þá mælist eineltið 6,5% og fjöldi nemenda er 18. Til samanburðar er niðurstaðan fyrir 6.-10. bekk í Skólapúlsinum 5,2% (landsmeðaltalið er 5,3%). Á mynd 74 sést hvernig tíðnin skiptist á milli árganga í 5.–10 bekk samkvæmt niðurstöðum Olweusarkönnunarinnar.




Mynd 74. Olweusarkönnunin, nemendur sem hafa orðið fyrir einelti, 2-3 skipti í mánuði eða oftar

Eins og sést á mynd 75 verða stúlkur frekar fyrir einelti í eitt ár eða lengur (5% nemenda, alls 7 einstaklingar) heldur en drengir (4,8% nemenda, alls 6 einstaklingar).




Mynd 75. Olweusarkönnunin, nemendur sem hafa orðið fyrir einelti eitt ár eða lengur

Stúlkur eru mun líklegri að óttast að verða fyrir einelti annarra nemenda í skólanum eða 24,3% (mynd 76) á meðan drengirnir eru um 9,3%.




Mynd 76. Olweusarkönnunin, nemendur sem óttast að verða fyrir einelti annarra nemenda í skólanum

Stúlkur eru ólíklegri að taka þátt í að leggja nemanda í einelti sem þær kunna ekki vel við frekar en strákar. Munurinn hér er töluverður en 4,2% stúlkna og 11,7% drengja segjast leggja aðra í einelti 2-3 skipti í mánuði eða oftar. Landsmeðaltalið er 7,9% þannig að stúlkur í Vallaskóla eru töluvert fyrir neðan það en drengir fyrir ofan (mynd 77).



Mynd 77. Olweusarkönnunin, niðurstöður spurningarinnar um hvort nemendur gætu hugsað sér að leggja annan nemanda í einelti sem þeir kunna ekki vel við


Nemendur telja kennara eða aðra fullorðna í skólanum *næstum alltaf* eða *oft* gera eitthvað til að stöðva eineltið eða 60,1% nemenda. Jafnframt telja þeir starfsmenn skólans í 39,9% (35,9% ) tilvika *næstum aldrei*, *einstaka sinnum* eða *öðru hverju* gera eitthvað til að stöðva einelti (mynd 78).



**Mynd 78.** Olweusarkönnunin, niðurstöður spurningarinnar hversu oft kennarar eða aðrir fullorðnir í skólanum geri eitthvað til að stöðva einelti gegn nemanda í skólanum

Þegar nemendur sjá aðra nemendur á svipuðum aldri verða fyrir einelti í skólanum þá eru 36,1% nemenda sem segjast *næstum alltaf* eða *oft* vilja koma honum til hjálpar. Nemendur sem segjast *næstum aldrei* eða *einstaka sinnum* vilja gera eitthvað til að stöðva það að nemandi sé lagður í einelti eru 39,8% , 37,4% stúlkna og 42,4% drengja.

Nemendur eru einnig spurðir að því hversu mikið almennt þeir telji að umsjónarkennari hafi gert eitthvað til að koma í geg fyrir einelti í bekknum. Mynd 79 sýnir niðurstöður þeirra nemenda sem svöruðu „lítið eða ekkert“ eða „fremur lítið“.




**Mynd 79. Olweusarkönnunin, hlutfall þeirra sem svara spurningunni „Hve mikið finnst þér almennt séð að umsjónarkennarinn þinn hafi gert til að koma í veg fyrir einelti í bekknum undanfarna mánuði?“**

## Lesferill


*Lesferli* er matstæki af hálfu Menntamálastofnunar. Því er ætlað að meta grunnþætti læsis, s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Matstækið samanstendur af nokkrum stöðuprófum þar sem staða nemandans er metin miðað við jafnaldra á landsvísu.

Framkvæmd könnunar er að öllu jöfnu í höndum umsjónarkennara. Prófin taka mið af aðalnámskrá grunnskóla og fylgja þeim áherslum sem þar eru lagðar. Niðurstöðurnar eru ekki birtar opinberlega vegna nafnleyndar. Prófin eru fyrst og fremst hugsuð sem verkfæri fyrir viðkomandi skóla og kennara til að bæta kennslu og koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Sjá nánar: [https://mms.is/sites/mms.is/files/kynning\\_a\\_lesferli.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/kynning_a_lesferli.pdf)


Niðurstöður Lesferils eru nokkuð ljósar samkvæmt neðangreindum línuritum. Þar sem nemendur eru prófaðir þrisvar sinnum yfir skólaárið (september, janúar, maí) fást nokkuð glöggar vísbendingar um þróun á meðaltali lesinna orða í skólanum miðað við landsmeðaltal (allt landið).



Mynd 80. Lesferill, meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum skv. stöðuprófi í September 2018



Mynd 81. Lesferill, meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum skv. stöðuprófi í janúar 2019



Mynd 82. Lesferill, meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum skv. stöðuprófi í maí 2019

Vallaskóli er bláa línan, landsmeðaltal er rauða línan og viðmiðin eru gráu brotnu línurnar. Í fyrstu mælingunni í september 2018 eru flestir nemendur að ná 1. viðmiði. 7. árgangur sker sig þó úr hér og nær ekki viðmiði 1 samkvæmt skilgreiningu Menntamálastofnunar. Í annarri mælingu í janúar 2019 eru nær allir árgangar búnir að ná 1. viðmiði og að nálgast 2. viðmið. 7., 8. og 9. árgangur skera sig þar út og eru nær 1. viðmiði. Í þriðju mælingunni eru nemendur almennt miðja veginni milli 1. og 2. viðmiðis, utan nemendur í 4. bekk sem eru mjög nálægt 2. viðmiði og 7. árgangs sem er enn í 1. viðmiði.

Ef við skoðum þróun lesinna orða á **ýngsta stigi** í september þá mælist 1. bekkur fyrir ofan landsmeðaltal en 2., 3., og 4., bekkur eru aðeins fyrir neðan landsmeðaltal. Í prófunum í janúar er athyglisvert að sjá að 1. bekkur hefur fallið niður á landsmeðaltalið og 2. og 3. bekkur hafa fallið nokkuð niður fyrir landsmeðaltal á meðan 4. bekkur er á mjög svipuðum stað og í september. Í þriðju og síðustu könnun skólaársins, maíkönnunin, eru allir árgangar á svipuðum stað og þeir voru í janúar.

Hvað **miðstigið** varðar þá eru 5. og 7. bekkur fyrir neðan landsmeðaltal í september en 6. bekkur nær landsmeðaltalinu. Í janúar ná engir árgangar á miðstigi landsmeðaltali og er 7. bekkur einna lengst frá því. Niðurstöður Lesferils í maí sýna svipaða stöðu og í janúar fyrir utan að 6. bekkur hefur færst aðeins nær landsmeðaltalinu. Enginn árgangur á miðstigi nær viðmiði tvö í lestri, ekki frekar en aðrir árgangar landsins á miðstigi.

Á **efsta stigi** nær 8. bekkur ekki landsmeðaltali í september en 9., og 10. bekkur eru alveg við það. Mjög svipuð staða er í janúar. Í maí kemst 9. bekkur nær landsmeðaltali en 8. og 9. bekkur eru á svipuðum stað. Eins og á miðstigi nær enginn árgangur á efsta stigi viðmiði tvö.



## Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf eru gerð af Menntamálastofnun og lögð fyrir nemendur með rafrænum hætti í septembermánuði í 4. bekk og 7. bekk (íslenska og stærðfræði) og í 9. bekk í marsmánuði (íslenska, stærðfræði og enska). Nánast allir nemendur Vallaskóla í viðkomandi árgöngum taka samræmd könnunarpróf en þátttökuhlutfallið fyrir skólaárið 2018-2019 er eftirfarandi:

**4. bekkur:** Íslenska N=50, stærðfræði N=52.

**7. bekkur:** Íslenska N=70, stærðfræði N=71


**9. bekkur:** Íslenska N=51, stærðfræði N=56, enska N=48.

Á myndum 83-94 má sjá árangur nemenda í 4., 7. og 9. bekk borið saman við árangur nemenda yfir landið. Til grundvallar liggja normaldreifðar einkunnir sem reiknast á skalanum 0-60 og meðaltalið er 30.

Raðeinkunnir								
Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	51	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
	Lestur	51	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Stærðfræði	Heild	56	16	28,6%	27	48,2%	13	23,2%
	Reikningur og aðgerðir	56	13	23,2%	25	44,6%	18	32,1%
Enska	Heild	48	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
	Lestur	48	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%


**Mynd 83. Samræmd könnunarpróf, raðeinkunn í 9. Bekkur**

Á mynd 83 má sjá árangur 9. bekkjar í öllum greinum og hvernig þeir raðast niður eftir raðeinkunum 1–24, 25–75 og 76–99.




Mynd 84. Samræmd könnunarpróf, raðeinkunn í 9. bekk 2018–2019, íslenska

Á mynd 84 má sjá árangur nemenda í 9. bekk í íslensku borinn saman við árangurinn yfir landið. Árangur nemenda í Vallaskóla mælist svipaður og landið ef horft er til nemenda sem fá einkunnina B+, B, C+ og D. Hins vegar eru færri nemendur í Vallaskóla með einkunnina A og þeir nemendur sem fá einkunnina C eru fleiri í Vallaskóla heldur en á landsvísu.



Mynd 85. Samræmd könnunarpróf, raðeinkunn í 9. bekk 2018–2019, stærðfræði

Ef einkunnir í stærðfræði í 9. bekk eru skoðaðar (mynd 85) kemur í ljós að Vallaskóli svipar mjög til landsins alls með einkunnina A og C. Það eru þó fleiri nemendur í Vallaskóla sem fá einkunnina B+ og C+ en á landsvísu.



Mynd 86. Samræmd könnunarpróf, raðeinkunn í9. bekk 2018–2019, enska

Þegar enskan hjá 9. bekk er skoðuð (mynd 86) kemur í ljós að Vallaskóli er með mjög svipaðar niðurstöður og á landsvísu varðandi fjölda einkunna B+, C+ og C.

Eins og sést á mynd 87 eru 37% nemenda í 7. bekk með raðeinkunn í íslensku á bilinu 1–24, 48,6% eru með raðeinkunn á bilinu 25–75 og 14,3% á bilinu 76–99. Í stærðfræðinni eru 35% nemenda í 7. bekk með raðeinkunnir á bilinu 1–24, 52% nemenda á bilinu 25–75 og 12,7% á bilinu 76–99.

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	70	26	37,1%	34	48,6%	10	14,3%
	Lestur	70	19	27,1%	42	60,0%	9	12,9%
Stærðfræði	Heild	71	25	35,2%	37	52,1%	9	12,7%
	Reikningur og aðgerðir	71	23	32,4%	37	52,1%	11	15,5%

Mynd 87. Samræm könnunarpróf, raðeinkunn 7. bekk 2018–2019, íslenska og stærðfræði

Ef horft er til landsins og heildareinkunnar í íslensku í 7. bekk þá er Vallaskóli með heldur stærrí hóp nemenda í neðstu raðeinkunn 1 – 24 og færri nemendur falla í hópinn sem eru með raðeinkunnir á bilinu 76 – 99 og það sama má segja um stærðfræðina.

Á mynd 88 sjást raðeinkunnir nemenda í fjórða bekk í Vallaskóla en þar eru 36% nemenda með raðeinkunn á bilinu 1–24 í íslensku, 40% nemenda með raðeinkunn á bilinu 25–75 en 24% nemenda er með raðeinkunnina 76–99. Í stærðfræðinni eru 38,5% nemenda með raðeinkunn á bilinu 1–24, 44,2% á bilinu 25–75 og 17,3% með raðeinkunn á bilinu 76–99.

Raðeinkunnir								
Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	50	18	36,0%	20	40,0%	12	24,0%
	Lestur	50	15	30,0%	23	46,0%	12	24,0%
Stærðfræði	Heild	52	20	38,5%	23	44,2%	9	17,3%
	Reikningur og aðgerðir	52	23	44,2%	23	44,2%	6	11,5%

Mynd 88. Samræmd könnunarpróf, raðeinkunnir í 4. bekk 2018–2019, íslenska og stærðfræði

## Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl voru í apríl og maí og má skipta niðurstöðum þeirra niður í tvo þætti, annars vegar þá þætti sem eru metnir í góðu lagi af starfsfólkiog þá sem betur mega fara. Helstu niðurstöður koma fram í töflunni hér að neðan:

Þættir	Er í góðu lagi	Má betur fara
Teymisvinnan	Samstarf í teyimum mjög gott	Vantar betra vinnurými fyrir kennara í teymisvinnunni
	Hópaskiptingar koma mjög vel út	Erfitt þegar það vantar fjórða kennarann/sérkennara
	Geta dreift álaginu á kennara sem fylgir erfiðum nemendum, einnig hvíld fyrir nemendur	Stundum erfitt að vera fjórði kennari í teymi með umsjón en samt eru aðeins skráðir þrjú umsjónarþegir í mentor
	Teymisvinna gerir nýjum kennurum auðveldara fyrir að öðlast traust foreldrahópsins	Plássleysi gerir oft erfitt fyrir varðandi kennslu í fjórum hópum
	Fjórði kennari/sérkennari í teymi	Kennsla í mótuneyti er erfið vegna umgengni þar þegar kennsla stendur yfir
	Geta skipt niður fögum og köflum í bókum á kennara t.d. tveir kennarar sem kenna samfélagsfræði og tveir sem kenna náttúrufræði	Í sumum teyimum eru kennarar mjög fastir í sínu, þannig að teymisvinna á sér ekki stað
	Allir koma með hugmyndir í teyminu sem eru prófaðar	Mættu vera skýrari hlutverkalýsingar í teyminu
	Ábyrgð dreifist	
Fjölbreytni sem fylgir því að kynnast og kenna öllu stiginu		
Próunarverkefni	„Af litlum neista“ virkar með teymisvinnunni	„Af litlum neista“ er ekki að nýtast nægilega vel
	Að hitta kennara í öðrum skólum sveitarfélagsins	
Stjórnun	Góðir stjórnendur	
	Bóngóðir stjórnendur	
	Stjórnendur veita góðan stuðning	
	Sveigjanlegir stjórnendur	
Stoðkennsla		Vantar betri lausnir fyrir erfiða nemendur
		Vantar upp á frumkvæði hjá stoðþjónustu (námsveri) varðandi námsefni og hegðun nemenda í námsveri
		Mættu vera fastir fundir milli umsjónarkennara í árgangi og sérkennara og eða þroskaþjálfara
		Fara stundum með bráðgera nemendur út úr bekk en ekki aðeins þá sem eru í námsvanda

<b>Fundahöld</b>		Vantar fasta fundi þar sem stuðningsfulltrúar og umsjónakennarar í teyllum hittast
		Vantar vinnufundi á miðstiginu
		Vantar vinnufundi fyrir þá sem eru að kenna valið
		Vantar kynningu í tengslum við tölvunotkun fyrir kennara t.d. Outlook, Google o.fl.
		Ekki gott að vera í kennslu þegar deildarfundur er
		Vantar fleiri kennarafundi
<b>Starfsandi</b>	Léttari starfsandi	Skýrsla sáfræðiteymis síðasta haust er ekki að skila sér, ekki unnið með niðurstöðurnar
	Líður vel í vinnunni	Vantar meira samstarf á milli stiga, togstreita þar á milli
	Tekið vel á móti nýjum starfsmönnum	Vantar meira samstarf á milli árganga á miðstigi
	Fjölbreyttur og skemmtilegur vetur	Vaxandi hópamyndun t.d. á milli stiga í skólanum
	Góður vinnustaður	Á hvaða hátt kennarar ræða um skólann sinn úti í samfélaginu
	Góður matur	
	Minna álag en í fyrra	Starfsandinn hjá stuðningsfulltrúum mætti vera betri
	Kennarar almennt sveigjanlegir og lausnamiðaðir	
	Samstaða meðal stuðningsfulltrúa	
<b>Samskipti</b>	Gott samstarf kennara í teyllum á miðstigi	
<b>Skipulag</b>	Gat í gegn í stundatöflum fyrir teymisvinnuna	
<b>Almennt</b>	Lagfæringar á skólanum góðar	Umsjónarkennarar eða aðrir sérfræðingar í skólanum mættu grennslast fyrir um hvernig nemendur eru í list- og verkgreinum, ekki aðeins í bóklegum tímum
	Sveigjanleiki og skilningur almennt hjá starfsfólki	Hljóðvist í stofu 20 er mjög slæm, heyrist vel það sem er í gangi í austurrými
	Finnst vera tekið fastar á erfiðum málum í skólanum	Mikil veikindi starfsmanna er ?

## Samantekt og umræður

Hér á undan hefur verið farið yfir niðurstöður allra kannana sem liggja sjálfsmati til grundvallar og framkvæmdar voru á skólastarfi Vallaskóla á skólaárinu 2018–2019.

### Sterkir þættir

Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins má í stuttu máli segja að vísbendingar um sterkustu þætti Vallaskóla í samanburði við aðra skóla á landinu séu að kennarar í Vallaskóla nýta sér mikið þá aðferð að skipta nemendum í mismunandi hópa og vinna með einstaklingsmiðaða

kennslu þar sem tekið er tillit til ólíkra þarfa nemenda. Einnig er samráð og samstarf um kennslu sterkur þáttur í skólastarfinu samkvæmt Skólapúlsinum.

Samkvæmt nemendakönnun Skólapúlsins þá virðast nemendur í Vallaskóla hafa ágætt sjálfsálit og telja sig hafa góða eiginleika og geti gert hluti jafn vel og aðrir. Nemendur telja sig einnig hafa nokkuð góða stjórn á eigin lífi og því sem kemur fyrir þá í lífinu. Samkvæmt Skólapúlsi líður nemendum í 6.–10. bekk í Vallaskóla almennt vel og telja sig vera hluta af hóp eða hópum í skólanum. Almennt telja nemendur sig ekki skilda útundan eða verða varir við að talað sé illa um þá.

### Til skoðunar

Þegar einblínt er á þá þætti sem þurfa skoðunar við þá eru starfsmenn undir meðallagi ánægðir með áreitni frá foreldrum og nemendum skólans. Kennarar upplifa sig ekki fá nægilegan stuðning vegna nemenda með námserfiðleika auk þess telja þeir sig ekki fá þann faglega stuðning sem þeir þurfa frá skólastjórnendum. Kennarar vilja gjarnan fá meiri endurgjöf varðandi sitt starf og þeim þykir vanta aðeins uppá að mat stjórnenda á það hvernig þeir kenna. Kennarar telja að stjórnendur geti staðið sig betur í því að taka á viðvarandi slakri frammistöðu kennara. Kennarar telja sig geta sinnt sinni símenntunarpörf ágætlega en þó mætti gera aðeins betur varðandi framboð og tíma.

Þegar nemendakönnunin er skoðuð þá eru það helst tveir þættir sem þyrfti að bæta en það eru agi í tímum og heimavinna. Hvað aga í tímum varða þykir nemendum oft vanta upp á að það sé vinnufriður í kennslustundum og að nemendur hlusti á það sem kennarinn segir. Varðandi heimavinnu upplifa nemendur sig ekki fá nægilega áhugaverða vinnu heim en telja sig þó klára hana á réttum tíma.

### Þarfnast úrbótar

Samkvæmt niðurstöðum þessarar skýrslu eru nokkrir þættir skólastarfsins sem huga þarf vel að þannig að Vallaskóli verði enn betri skóli. Þessir þættir eru:

- Gagnsemi starfsmannaviðtala undanfarin ár
- Starfsandi í skólanum
- Starfsánægja starfsmanna
- Stjórnun og upplýsingastreymi
- Trú kennara á eigin getu
- Endurgjöf frá stjórnendum til kennara
- Tíminn sem fer í heimanám

- Stuðningur við kennara vegna hegðunarvandamála
- Vald kennara til ákvarðanatöku
- Vinnuaðstæður kennara

Þessir þættir koma fram í umbótaáætlun skólans ásamt niðurstöðum nemendakönnunar en þar kemur fram að huga þurfi betur að:

- lestri nemenda
- áhuga nemenda á raungreinum
- jákvæðu sambandi nemanda við kennara
- eflingu ábyrgðar nemenda í eigin námi og lífi

Varðandi skólaandann þá er það markmið skólans að skapa skólaanda þar sem einelti fær ekki þrífist og er mikilvægt að nýta niðurstöður þessarar árlegu könnunar til umbóta í skólastarfinu. Í Olweusarskóla er mikilvægt að kennarar nýti bekkjarfundum til forvarnar þegar kemur að samskiptum nemenda í skólanum. En á bekkjarfundum er rætt m.a. um einelti og samskipti almennt með það að markmiði að styrkja nemendur í jákvæðum samskiptum. Einelti getur haft varanlega áhrif bæði á gerendur og þolendur og því mikilvægt að koma í veg fyrir það og vinna í þeim málum sem koma upp í skólanum. Í könnuninni þetta árið er það áberandi að drengir virðast mun síður eiga vini í bekknum sínum og virðast stúlkur mun síður geta hugsað sér að leggja einhvern í einelti sem þeim líkar ekki við. Þarna þurfum við að huga að líðan og sjálfsmynd drengjanna. Einnig er það áhugavert að það eru einungis nemendur í 5. og 9. bekk sem telja sig hafa lagt aðra nemendur í einelti í tvisvar í mánuði eða oftar, enginn í hinum árgöngunum. Einnig eru það nemendur í 5., 6. og 8. bekk sem upplifa sig verða fyrir einelti 2 -3 í mánuði eða oftar.

## Umbótaáætlun skólaárið 2018–2019

Ásamt því að gerð er sjálfsmatsáætlun til ársins 2023 er sett fram umbótaáætlun fyrir skólaárið 2018–2019.

Tækifæri til umbóta	Áætlanir um umbætur	Tímasetning umbóta	Tímasetning endurmats og hvernig á að meta árangur	Ábyrgðaraðilar
Fyrirbyggja betur að einelti eigi sér stað í frímínútum bæði á göngum skólans, útisvæði og búningasklefum	Upplýsa starfsmenn um mikilvægi þess að grípa strax inn í ef þeir sjá eitthvað vafasamt. Einnig verður gæsla eflid	Í stöðugri vinnslu	Árlegar kannanir Skólapúlsins og Olweusar	Deildarstjórar (aðrir stjórnendur), verkefnisstjóri Olweusaráætlunarinnar
Efla áhuga nemenda enn frekar á lestri	Lestrarverkefni í samvinnu við bókasafnið/söfnin – fjölbreyttar kennsluáðferðir í lestri	Er í vinnslu. Próunarverkefnið Orð af orði	Nemendakönnun Skólapúlsins og Lesferill	Íslenskukennarar, sérkennarar og deildarstjórar
Náttúrufræðikennsla	Efla fjölbreyttar aðferðir við nám og kennslu í náttúrufræði	Í vinnslu	Nemendakönnun Skólapúlsins	Náttúrufræðikennarar í samstarfi við deildarstjóra
Stærðfræðikennsla	Efla fjölbreyttar aðferðir við nám og kennslu í náttúrufræði	Í vinnslu. Námskeið haust 2020 með öðrum skólum sveitarfélagsins	Nemendakönnun Skólapúlsins	Deildarstjórar og stærðfræðikennarar
Styrkja sjálfsmynd nemenda og ábyrgðarkennd gagnvart eigin námi og framkomu	Styrkja kennara enn frekar í að halda bekkjarfundi og ýta undir orðræðu sem eflir og styrkir sjálfsmynd nemenda	Er í vinnslu. Námskeið um bekkjarfundi og eflingu jákvæðra leiðtoga	Nemendakönnun Skólapúlsins	Deildarstjórar og kennarar
Nýta betur starfsmannaviðtöl og það sem kemur fram í þeim		Er í vinnslu.	Starfsmennakönnun Skólapúlsins	Skólastjórnendur
Vinna enn frekar að eflingu starfsánægju starfsfólks í skólanum			Starfsmennakönnun Skólapúlsins	
Huga betur að stjórnun og upplýsingastreymi skólans			Starfsmennakönnun Skólapúlsins	
Vinna að því að efla kennara og trú þeirra á eigin getu í starfi			Starfsmennakönnun Skólapúlsins	
Huga enn frekar að vinnuáðstæðum kennara	Í gangi er áætlun um að bæta smátt og smátt starfsaðstöðu kennara og tækjakost og húsgögn	Er í vinnslu.	Starfsmennakönnun Skólapúlsins	Skólastjórnendur og umsjónarmaður fasteigna.
Stjórnendur eflist í endurgjöf til kennara vegna starfsins			Starfsmennakönnun Skólapúlsins	